

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 26/1973 um váttryggingarstarfsemi, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. október 1974.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

22. október.

Nr. 316.

## AUGLÝSING

um notkun heimildar í 2. mgr. 10. tl. 3. gr. laga um tollskrá o. fl.

### 1. gr.

Aðilar, sem hafa haft fasta búsetu erlendis í a. m. k. 2 ár og hafa ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi, geta notið 3. mánaða tollfrelsis á innfluttum bifreiðum og bifhjólum, sem skráð eru erlendis og þeir flytja með sér til landsins. Miðast tollfrelsisheimild þessi við komu ökutækisins til landsins.

### 2. gr.

Nú uppfyllir viðkomandi ekki skilyrði þau til framlengingar tollfrelsis, sem upp eru talin í a—c lið 1. mgr. 10. tl. 3. gr. tollskrárlaga, og hefur ráðuneytið þá ákveðið, að viðkomandi tollyfirvald geti heimilað framlengingu tollfrelsis fyrir viðkomandi ökutæki, þó minnst 3 mánuði í senn, en í allt að 12 mánuði frá komu ökutækisins til landsins, gegn greiðslu 4% gjalds á mánuði af tollverði viðkomandi ökutækis eins og það ákvarðast skv. ákvæðum auglýsingar ráðuneytisins nr. 15, 1. febrúar 1974, um tollverð notaðra bifreiða.

### 3. gr.

Gjald skv. 2. gr. verður ekki endurgreitt við endurútflutning viðkomandi ökutækis, en hins vegar skal draga það frá álögðum gjöldum, við endanlega tollafgreiðslu hér á landi.

### 4. gr.

Við veitingu tollfrelsis skv. ákvæðum auglýsingar þessarar skal þess gætt, að innflytjandi hafi afhent hlutaðeigandi tollstofnun öll þau skjöl, sem afhenda ber vegna tollmeðferðar ökutækisins, og skjölin fullnægi að öllu leyti þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi til að hægt sé að tollafgreiða ökutækið þegar í stað.

### 5. gr.

Verði hækkun á tollum eða öðrum gjöldum álögðum við innflutning, t. d. vegna ákvarðana um breytingu á gengi íslenskrar krónu eða af öðrum ástæðum, undanþiggja ákvæði þessarar auglýsingar viðkomandi innflytjanda ekki greiðslu hækkaðra gjalda við endanlega tollafgreiðslu viðkomandi ökutækis, nema annað sé tekið fram í lögum.

**6. gr.**

Auglýsing þessi, sem sett er skv. heimild í 2. mgr. 10. tl. 3. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 6/1974, öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Fjármálaráðuneytið, 22. október 1974.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Þorsteinn Ólafsson.*

**REGLUGERÐ****um verðjöfnunargjald af raforku.****1. gr.**

Greiða skal í Orkusjóð 13% verðjöfnunargjald af allri raforkusölu á síðasta stigi viðskipta. Eftirtalin raforkusala er þó undanþegin:

- a) Til húshitunar.
- b) Til Áburðarverksmiðju ríkisins.
- c) Til íslenska álfélagsins h.f.

**2. gr.**

Leggja skal verðjöfnunargjaldið á sama gjaldstofn og söluskattur er lagður á samkvæmt lögum nr. 10/1960, með síðari breytingum.

Gjaldstofn þessi er heildarverð raforkunnar til notenda áður en söluskattur er lagður á raforkuverðið.

**3. gr.**

Notandi raforku er hver sá, sem kaupir raforku til annars en að endurselja hana.

**4. gr.**

Gjaldskyldir samkvæmt reglugerð þessari eru allir þeir aðilar, sem selja raforku til notenda hennar, sbr. ákvæði 3. gr.

**5. gr.**

Sérhver gjaldskyldur aðili skal eigi síðar en 15. hvers mánaðar skila skýrslu á þar til gerðum eyðublaðum (sjá eyðublað 1.) til innheimtumanns ríkissjóðs í því umdæmi sem hann er heimilisfastur í. Í skýrslunni skal greint frá fjárhæð raforkusölu til notenda í síðasta almanaksmánuði og verðjöfnunargjaldi, sem inna ber af hendi.

Raforkusölu skal tilgreina á þann hátt, sem mælt er fyrir um á skýrslueyðublaði því, sem innheimtumaður ríkissjóðs lætur í té skv. 1. mgr.

Skýrsla þessi skal undirrituð af þeim aðila, manni eða mönnum, sem heimild hafa til að skuldbinda hinn gjaldskylda aðila, eða öðrum þeim, sem til þess hafa sérstakt umboð eða umboð samkvæmt stöðu sinni.

Skýrslunni skal skila í fjórriti og áritar innheimtumaður ríkissjóðs eitt afritið um móttöku skýrslunnar og dagsetningu móttöku.